

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 3. júlí 2018
UST201805-257/K.S.J.
10.04.02

Efni:Lýsing - Aðalskipulag – Deiliskipulag – Norðurþing - Húsavíkurhöfði á Húsavík


Vísað er til erindis skipulags og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 24. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breyttu aðalskipulagi varðandi hótellóð á Húsavíkurhöfða, tillögu að breyttum þéttbýlisuppdrætti Norðurþings og stækkun á verslunar- og þjónustusvæði á Húsavíkurhöfða. Einnig er óskað umsagnar um lýsingu tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði ofangreindrar hótellóðar.

Í lýsingu kemur fram að núverandi aðalskipulag geri ráð fyrir að hótellóð á Húsavíkurhöfða verði staðsett austan við sjóböð, en með breyttu skipulagi færi hótelið á lóð norðan við sjóböðin.


Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í lýsingu, að í breytingartillögu er áætlað að fara yfir umhverfisáhrif breytinganna á fuglalíf, landslag og ásynd og gróður.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar B Bragason
Teymisstjóri